

Ed.

106. Frumvarp

til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja barnakennurum, er leggja niður starf sitt annaðhvort fyrir ellisakir eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri handa ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Stofnfje sjóðsins er styrktarsjóður barnakennara, eins og hann verður, er lög þessi koma til framkvæmda.

2. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um stjórn sjóðsins og skipulag hans.

3. gr.

Hver kennari, karl eða kona, sem laun tekur eftir launalögum barnakennara, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, sem ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Iðgjöldum skal halda eftir af þeim hluta launanna, sem barnakennarar fá greiddan úr ríkissjóði.

4. gr.

Þegar barnakennari er leystur frá starfi sínu annaðhvort fyrir sakir elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 25% af samanlögðum öllum þeim launum, er hann hefir greitt iðgjöld af í lífeyrissjóðinn, og einum fjórða hluta þeirra launa, sem hann hefir greitt iðgjöld af í styrktarsjóð barnakennara.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ hámarkslauna þeirra, sem kennarinn hefir haft.

Nú er barnakennari orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að leggja kenslustarf sitt niður og taka lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Verði sú breyting gerð á fræðsluhjeruðum eða skólahjeruðum, sem gerir stöðu kennara óþarfa, svo að hann verði að láta af henni endurgjalds-laust, og fari hann ekki í aðra kennarastöðu, og hefir hann þá rjett til að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kys það heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þangað til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 1. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir barnakennara, sem hafði rjett til lifeyris eða naut lifeyris, er hann ljest, fær lifeyri úr sjóðnum, með þeim undantekningum, sem segir í 7. gr.

Lifeyrir ekkju nemur $\frac{1}{5}$ af byrjunarlaunum þeirrar kennarastöðu, sem maður hennar var í, þegar hann ljest, eða þeirrar, sem hann fjekk lausn frá.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lifeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann eftir því sem ákveðið verður í reglugerð þeirri, er í 2. gr. getur.

7. gr.

Ekkja eftir barnakennara öðlast ekki rjett til lifeyris úr sjóðnum, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára, eða á banasæng manns síns, eða eftir að hann fjekk lausn frá kennarastarfi, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

8. gr.

Rjettur ekkju til lifeyris fellur burt:

1. Ef ekkjan giftist af nýju.
2. Ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis stjórnar sjóðsins.
3. Ef hún hirðir ekki lifeyri í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll.

Nú missir ekkja lifeyri af því að hún hefir gifst af nýju, og á hún þá rjett á að fá hinn sama lifeyri, ef hún verður ekkja í annað sinn.

9. gr.

Eckill konu, sem verið hefir í kennarastöðu, hefir sama rjett til lifeyris úr sjóðnum sem ekkja barnakennara, með öllum sömu takmörkunum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um styrktarsjóð handa barnakennurum, 9. júlí 1909, og lög um breyting á lögum um styrktarsjóð handa barnakennurum, 20. okt. 1913.

11. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. jan. 1921.